

327. mál.

Nefndarsvið Alþingis

Utanríkismálanefnd

nefndarsvid@althingi.is

Umsögn vegna.

**Tillaga til þingsályktunar
um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.**

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Umsögn ritar:

Júlíus Sigurþórsson
Kt 090773-5779
Vogagerði 34
190 Vogar
Sími 774 – 43 44
Tölvupóstur: julius.sigur@gmail.com

Það er mat umsagnaritara að ályktunin þurfi að koma sem skjótast til framkvæmda.

Ljóst er að umtalsverðar og hraðar breytingar eru að eiga sér stað í hernaðarlegu öryggisumhverfi Íslands og það er mat umsagnarritara að kominn sé tími til að huga að viðbrögðum við því sem er að gerast. Sérstaklega þar að huga að auknum umsvifum Rússlands. Af því tilefni hefur umsagnaritari tekið saman stutt yfirlit yfir það helsta sem snýr að Rússlandi, sérstaklega með tilliti til Íslands.

Rannsóknir umsagnaritara á hegðun Rússa síðastliðin 10 ár, samanburður við það sem áður hefur gerst og athafnir rússneska hersins leiða til þeirrar niðurstöðu að hernaðarleg umsvif Rússa og afstaða í viðskiptamálum kunni að hafa nokkur og umtalsverð áhrif á íslenskt efnahagslíf og afkomu Íslendinga á komandi misserum. Sé settur 10 stiga kvarði til að meta þjóðaröryggisstöðu Íslands gagnvart öðrum ríkjum er staða Íslands nú 7 stig gagnvart Rússlandi en allt fyrir ofan 5 stig krefst frekari athugana eða aðgerða.

Stigulinn er metinn þannig.

1. Engin hernaðarógn, engin neikvæð samskipti, engir sameiginlegir hagsmunir. Engin viðskipti. Hlutlaust eða í bandalagi með Íslandi.
Dæmi: Vanúatú, Guyana og Nýja – Sjáland.
2. Engin hernaðarógn, engin neikvæð samskipti, engir sameiginlegir hagsmunir. Viðskipti milli landa.. Hlutlaust eða í bandalagi.
Dæmi: Lúxemborg, Malta og Mónakó.
3. Engin hernaðarógn, engin neikvæð samskipti, sameiginlegir hagsmunir. Viðskipti milli landa. Hlutlaust eða í bandalagi.
Dæmi: Holland, Belgía og Írland.

4. Geta til hernaðar gagnvart Íslandi, , samskipti hafa verið neikvæð, sameiginlegir hagsmunir. Viðskipti milli landa. Hlutlaust eða í bandalagi. Dæmi: Noregur, Færeyjar og Danmörk. (Deilur um fiskimið og kvóta).
5. Öflugur herafli.. Samskipti hafa verið neikvæð. Sameiginlegir hagsmunir, stundum umdeildir. Viðskiptahindranir hafa átt sér stað. Óvinveittir, hlutlausir eða í bandalagi. Dæmi: Bretland og Bandaríkin. (Hryðjuverkalögin, mótmæli við hvalveiðum).
6. Öflugur herafli. Neikvæð samskipti . Sameiginlegir hagsmunir og umdeildir. Viðskiptahindranir hafa átt sér stað. Eru í óvinveittu bandalagi, eða utan bandalaga. Dæmi: Ekkert ríki fellur undir þetta. Rússland hafði þessa stöðu fyrir 6 mánuðum .
7. Öflugur herafli . Neikvæð samskipti . Sameiginlegir hagsmunir og umdeildir. Hafa hernaðarlega hagsmuni. Viðskiptahindranir eru í gildi. Eru í óvinveittu bandalagi. Dæmi: Rússland .
8. Til viðbótar nr. 7. Að samskiptum við landið eða bandalag með þátttöku Íslands hafi verið hætt. Að hótanir hafi átt sér stað. Að algert viðskiptabann og þá sérstaklega olíuviðskiptabann sé í gildi.
9. Til viðbótar 7 og 8. Að styrjaldarástand ríki við bandalagsríki en hafi ekki borist að landinu og hafi ekki veruleg áhrif á flutninga til og frá landinu.
10. Innrás, loftárásir eða hafnbann eða séu yfirvofandi í styrjaldarástandi.

Atburðir sem ollu því að hættumat fyrir Rússland var hækkaði úr 6 stigum í 7 stig.

1. Rússland bannaði á sölu á íslenskum afurðum til Rússlands. Um var að ræða beina, sértæka ákvörðun sem vó miklu þyngra gagnvart Íslendingum en lóðið sem þeir lögðu á vogarskálina með þátttöku í vestrænum þvingunum gagnvart Rússum.
2. Rússnesk árásapota var skotin niður af bandalagsríki Íslands, Tyrklandi. Rússar svöruðu með harkalegum og miklum viðskiptaþvingunum á Tyrkland .
3. Rússneskar hersveitir, flugsveitir og floti hafa haldið í hernað og meðal annars beitt vopnum gegn hópum sem njóta stuðnings bandalagsríkja Íslands í Sýrlandi. Þær athafnir eru viðvarandi og líklegar til að aukast.

Til að Rússland lækki í hættumati þarf eitt eða fleira af eftirfarandi að gerast:

1. Viðskiptahindrunum Rússlands á hendur Íslandi ljúki.
2. Að viðskiptahindranir ESB og USA sem Ísland styður verði felldar niður.
3. Hernaði Rússa í Úkraínu ljúki.
4. Hernaði Rússa í Sýrlandi ljúki.
5. Stjórnarskipti í Rússlandi.
6. Að Ísland verði verndað af hersveitum (sem fæla Rússa frá innrás) .

Til að Rússland hækki í stig 8 þarf eitt eða fleira af eftirfarandi að gerast:

1. Rússland ræðst inn í Úkraínu.
2. Að Rússland setji algert viðskiptabann á NATO og ESB ríki.
3. Að ESB og NATO ríki setji algert viðskiptabann á Rússland.
4. Að viðskipti með gas milli Evrópu og Rússland stöðvist.
5. Að sett verði eldsneytissölubann á Rússland.
6. Að Rússland og Kína semji um hernaðarbandalag.
7. Að samskipti milli Rússlands og NATO leggist af.
8. Að komi til hernaðar milli Rússlands og NATO ríkis.

Stig 9 er styrjöld milli NATO og Rússlands án beinnar aðkomu Íslands.

Stig 10 er styrjöld sem berst til landsins eða líkleg er að berist til landsins.

Helstu atriði sem gefa vísbendingu um aukna hættu af hendi Rússlands.

Almennt:

1. Stjórnarhættir í Rússlandi bera æ meira svipmót einmræðis. Forseti Rússlands, Vladimir Putin hefur sniðgengið reglu um hámarks fjölda kjörtímabila í Forsetastól. Hefur haft uppi einræðistilburði.
2. Fjölmíðlar í Rússlandi falla beint undir stjórn stjórnvalda eða aðila þeim tengdum.
3. Stjórnvöld í Rússlandi styðja aðskilnaðarsinna í nokkrum löndum og héruðum. Hafa þannig gengið gegn fullveldi ríkja eða barið niður sjálfstæðistilburði. Þar eru helst:
 - a. Sýrland – (2015 – til dagsins í dag) hafa með hernaði stutt ríkjandi minnihlutastjórn gegn uppreisn stríðandi fylkinga.
 - b. Úkraína – (2014 – til dagsins í dag) hafa með hernaði innlimað Krím hérað og stutt uppreisn og aðskilnað í Donbass héraði og Luhansk héraði. Hafa stutt tilraun til upplausnar í Karkiv héraði.
 - c. Norður Kákasus. – (2008 – til dagsins í dag) Uppreisn aðskilnaðarsinna sem vilja meiri sjálfstjórn frá Rússlandi. Tengt áttökum í Checheníu.
 - d. Ingushetía – (2007 - til dagsins í dag) Uppreisn aðskilnaðarsinna sem vilja meiri sjálfstjórn frá Rússlandi. Tengt áttökum í Checheníu.
 - e. Georgía – 1991 – 2008 með hléum. Hafa með hernaði skilið Suður- Odessiu og Abkazíu frá Georgíu.
 - f. Chechenía – (1994 – 2009) Hafa barið niður sjálfstæði Chechena og Dakestana síðar.
 - g. Austur Prigodony átök (1992) barist gegn aðskilnaðarinum. Skammt frá landamærum Georgíu.
 - h. Moldova – (1992) hafa með hernaði stutt aðskilnað og aðskilnaðarsinna í Transitíu undan stjórn Moldovu. Eru nú með herlið þar. Um tíma blönduðu Rúmenar (NATO ríki) sér í átökin.
4. Herflugvélar Rússlands hafa ítrekað flogið upp að eða jafnvel inn fyrir lofthelgi fjölmargra NATO ríkja á undanförunum mánuðum. Þar á meðal nýlegt dæmi í Tyrklandi.¹
5. Hersveitum Rússa er án tilkynningar til annarra ríkja og fyrirvaralaust skipað til æfinga. Erlendir eftirlitsmenn geta ekki nýtt heimildir til eftirlits samkvæmt alþjóðasamningum.
6. Rússar æfa skyndi hervæðinu varaliðs með því að kalla út 5.000 varaliðsmenn.²
7. Kafbátar Rússlands hafa siglt upp að ströndum Bretlands og Bandaríkjanna.³
8. Rússar hafa haldið rísa æfingu með 155.000 hermönnum og 4.000 hertólum.⁴
9. Frank Gorenc, yfirmaður flughers Bandaríkjanna í Evrópu, segir flugher Rússa nánast orðin jafn góðan og flugher vestrænna ríkja.⁵
10. Rússar hafa fjölgað skriðdrekahersveitum, á vestur-herstjórnarsvæðinu, um 40% á haustmánuðum 2015.⁶

¹ <http://www.ibtimes.com/despote-nato-warnings-russia-has-history-violating-air-space-turkey-baltics-2198519>

² <http://tass.ru/politika/1449720>

³ www.telegraph.co.uk/news/uknews/defence/12010438/Britain-calls-in-French-to-hunt-Russian-sub-lurking-off-Scotland.html

⁴ <http://tass.ru/armiya-i-opk/1460641>

⁵ <http://vardberg.is/frettir/russar-ad-jafna-bilid-gagnvart-flugher-bandarikjamanna/>

⁶ <http://tass.ru/armiya-i-opk/2184493>

11. Rússar láta smíða 2.300 nýja skriðdreka af Armata gerð. Hér er um nýjan og mjög fullkominn skriðdreka að ræða og fjöldinn er meiri en samtals í skriðsdrekasveitum Þjóðverja, Frakka og Breta.⁷
12. Rússar hraða framleiðslu á öðrum hergögnum og segja tafir verða á afgreiðslu til annarra landa, segja greiðslur ekki berast á réttum tíma (liður í viðskiptastríði).⁸

Atburðir og hegðun Rússa sem snýr beint að Íslandi og norðurslóðum.

Fréttir hafa borist um ferðir kjarnorkuknúinna rússneskra kaþbáta með kjarnorkuvopn við strendur Bandaríkjanna og Bretlands. Til að komast þangað má sigla fjórar leiðir frá stöðvum þessara kaþbáta á Kóla-skaga við Barentshaf fyrir austan Noreg: um lögsögu Noregs, lögsögu Færeyja, lögsögu Grænlands eða lögsögu Íslands. Norðmenn gæta lögsögu sinnar með herafli og Danir Færeyja og Grænlands með her sínum. Stopult eftirlit er með kaþbátum í lögsögu Íslands ef nokkuð. Í tillögunni er mælt með að lögsaga Íslands verði friðlýst. Það er verðugt markmið en marklaust sé ekki haldið uppi íslensku eftirliti með því að það sé virt. Þá verða Íslendingar að búa yfir áætlunum um viðbúnað verði kjarnorkuslys í íslenskri lögsögu.

Á blaðamannafundi 30. apríl 2015 sagði Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins að:

„Russia’s actions in Ukraine and the military build-up I our neighbourhood have led to new risks for our security.“

„We have seen a substantial Russian military build-up over a long period of time with both different kinds of missile systems, with naval presence, with, with also personnel on the ground, with air forces and so on. And I think this is part of the increased Russian presence close to NATO borders in many parts of the world. We have seen it up in the north, we have seen it to the Baltic Sea and the Black Sea and now also in the Mediterranean. And Russia is developing what we call anti-access air denial capabilities and that is something we are following very closely from the NATO side and that’s also the reason, one of the reasons why we are adapting our forces and why we are implementing the biggest reinforcement of our collective defence since the end of the cold war, as response to the increased Russian presence in, also from the north, Baltic, Black and also the Mediterranean Sea.“⁹

Hér skulu tíunduð nýmæli hjá Rússum sem snerta hættumat vegna Íslands:

1. Frá og með árinu 2008 til dagsins í dag hafa 91 ný herskip og kaþbátar bæst í herflota Rússa. Fjölmörg önnur eru í smíðum og eldri herskip eru í endurnýjun og uppfærslum.¹⁰ Aðeins eru vopnuð herskip talin, ekki aðstoðar- eða birgðaskip.
2. Rússar hafa æft fallhlífarárás með 2000 manna herliði og um 500 tækjum. Æfð var árás og taka óvinaherflugvallar á norðurslóðum og honum haldið gegn árás herliðs.^{11, 12}
3. Rússar hafa æft landgöngu herliðs á norðurslóðum.
4. Rússar æfðu sérstaklega hraðflutning sérsveita um langan veg á norðurslóðum.

⁷ http://www.nytimes.com/2015/06/17/world/europe/putin-40-new-missiles-russian-nuclear-arsenal.html?_r=0

⁸ <http://tass.ru/armiya-i-opk/2481293>

⁹ http://www.nato.int/cps/en/natohq/opinions_125211.htm

¹⁰ https://en.wikipedia.org/wiki/List_of_active_Russian_Navy_ships

¹¹ <http://tass.ru/armiya-i-opk/1833780>

¹² <http://tass.ru/armiya-i-opk/1790364>

5. Rússar héldu norðurslóðaaefingu í tvær vikur með þátttöku 38.000 manna herliðs.¹³
6. Nýstofnaður Norðurslóðaher Rússa hefur verið búinn fjölda orrustuþotna, sprengiflugvéla og fullkomnu loftvarnakerfi.¹⁴
7. Rússar hafa æft sérstaklega varnir gegn árás á skipalestir.¹⁵
8. Unnið er að endurnýjun á eina flugmóðurskipi Rússa sem er í Norðurflota sjóhersins. Nýjar orrustu- og sprengjuvélar verða settar um borð í skipið.¹⁶
9. Rússar hafa reist eða tekið aftur í notkun 6 nýjar herstöðvar við Norður-Íshaf. Þá eru 4 til viðbótar á teikniborðinu.¹⁷
10. Rússneskar fallhlífahersveitir undirbúa mjög stóra æfingu á norðurslóðum á fyrrihluta næsta árs.¹⁸

¹³ <http://tass.ru/armiya-i-opk/1831866>

¹⁴ <http://uk.businessinsider.com/russia-deploying-advanced-weapons-to-arctic-2015-6>


¹⁵ <http://tass.ru/armiya-i-opk/1830516>

¹⁶ tass.ru/armiya-i-opk/2459927

¹⁷ <http://uk.businessinsider.com/russia-deploying-advanced-weapons-to-arctic-2015-6>

¹⁸ <http://tass.ru/armiya-i-opk/2483639>

Rússar hafa – eins og sjá má á meðfylgjandi korti byggt um mikinn herstyrk við Norður-Íshaf. . Hafa þeir í huga að ekkert NATO-ríki heldur úti herafli á þessum slóðum, einkum vekur áhersla Rússa á fullkomin loftvarnakerfi athygli. Búa þeir sig undir sókn út á Norður-Atlantshaf í skjóli þessa herafli?



Hér fyrir neðan má sjá kort þar sem drægi Sukhoi Su-27 algengrar orrustu- og sprengibotu Rússlands sést á gulum hring sem dreginn er með Keflavík sem miðpunkt. 1.750 km „combat range“ fluggeta til árása og til baka á sama flugvöll. Ekki er hægt að sýna drægi sprengiflugvéla Rússa Tu-160 og Tu-95 þar sem línan fer út fyrir kortið (12.500 km og 15.000 km).

